

## **5. fundur landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar fimmtudaginn 15. ágúst og hófst kl 20:00.**

**Mættir:** Ævar Rafn Marinósson formaður, Hafliði Jónsson, Indriði Þóroddsson, Sigríður M. Gamalíelsdóttir, Kristján Indriðason, Ólafur Steinarsson sveitarstjóri og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

### **Dagskrá:**

#### **1. Fjallskil 2013.**

Farið var yfir fjallskilin fyrir árið 2013 og dagsetningar ákveðnar fyrir allar göngur. Byrjað verður að smala 5. september úti á Langanesi. Þá kynnti Sigríður Jóhannesdóttir hvernig hún hefði reiknað út skiptingu fjallskila miðað við núverandi fjárfjölda. Ákveðið að hafa þá skiptingu til hliðsjónar við niðurröðun fjallskila. Hafliði kynnti að hann hefði gert svipaða útreikninga. Þá var fjallskilum jafnað niður í grófum dráttum en ekki náðist að klára endanlegri niðurröðun.

Sigríði Jóhannesdóttur var falið að yfirfara skjalið og telja saman fjallskilin eftir fyrstu yfirferð og finna út hverjir þurfi að leggja til það sem uppá vantar. Þegar þeirri yfirferð er lokið þarf að senda skjalið á landbúnaðarnefnd sem mun síðan funda í framhaldinu og ákveða endanlega fjallskilin fyrir árið 2013.

#### **2. Önnur mál**

Ævar kom inn á það að borið hefur á veiði og umferð hreindýraveiðimanna í Tunguselsheiði. Óskaði hann eftir leyfi landbúnaðarnefndar um að koma með tillögu að bréfi til að senda umhverfisstofnun Austurlands vegna málsins. Fundarmenn ræddu að það væri óeðlilegt að hreindýraveiðimenn væru farnir að veiða í Langanesbyggð án leyfi landeigenda. Eining að þeir væru farnir að nota heiðarkofana í veiðiferðir sínar. Landbúnaðarnefnd telur rétt að gera athugasemdir við slíkt.

**Fleira ekki gert**

**Fundi slitið 22:45**